



AKUREYRI  
[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

# Förum rétta leið

Nýtt klippikort tekið í notkun  
á gámasvæðinu við Réttarhvam



# Mikilvægi flokkunar

## Verndum umhverfið – spörum peninga

Það borgar sig að flokka þann úrgang sem til fellur og skila á réttan stað. Með því verndum við umhverfið og stöndum að málum á sem hagkvæmastan hátt.

Megnið af því sem skilað er inn á gámasvæðið er endurnýtt með einum eða öðrum hætti og breytist því úr úrgangi í verðmæti. Fyrir skil á slíkum úrgangi þarf ekki að greiða. En sumt þarfnast kostnaðarsamrar meðhöndlunar og í þeim tilvikum þarf að borga.

Það er mjög mikilvægt að flokka rétt. Þannig komum við í veg fyrir sóun verðmæta og tryggjum að fólk greiði aðeins þegar við á.

## Klippikortið hjálpar.

### Tilgangur:

Flokkun verður markvissari. Kostnaður er greiddur af þeim sem stofna til hans.

### Góð ráð:

Flokkun allan úrgang áður en lagt er af stað. Ef gjaldskyld og ógjaldskyld kemur blandað inn á svæðið, þá er greitt fyrir allan úrgang.

**Munum alltaf eftir kortinu** - líka þegar einungis ógjaldskyldum úrgangi er skilað því kortið veitir aðgang að svæðinu.

# Klippikort

## Frá 8. júní þurfa íbúar

**Akureyrarbæjar klippikort til þess að komast inn á gámasvæðið við Réttarhvam.**

Klippt verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu.

Ef að kort klárast þá verður hægt að kaupa auka kort á gámasvæðinu við Réttarhvam og í þjónustuaudryri Ráðhúss að Geislagötu 9.

Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða að kaupa sér kort.

Hvert klipp er upp á 0.25m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 ltr heimilistunnu.

Nánari upplýsingar á: [www.akureyri.is/gamasvaedi](http://www.akureyri.is/gamasvaedi)



**Munum alltaf eftir kortinu** - líka þegar einungis ógjaldskyldum úrgangi er skilað því kortið veitir aðgang að svæðinu.

## Grænn rampur fyrir ógjaldskyldan úrgang

- |   |   |                                   |
|---|---|-----------------------------------|
| 1 <b>Hjólbarðar</b>                                     | 7 <b>Plastumbúðir, harðar og mjúkar</b> | 13 <b>Spilliefni</b>              |
| 2 <b>Málmar</b>   | 8 <b>Raftæki - stór</b>                 | 14 <b>Rafgeymar</b>               |
| 3 <b>Jarðvegur, grjót, möl</b>                          | 9 <b>Bylgjupappír, sléttur pappír</b>   | 15 <b>Rafhlöður</b>               |
| 4 <b>Gler, postulín og flísar</b>                       | 10 <b>Kælitæki</b>                      | 16 <b>Lífrænt til moltugerðar</b> |
| 5 <b>Dagblöð, tímarit og skrifstofupappír</b>           | 11 <b>Nytjahlutir</b>                   | 17 <b>Föt og klæði, nýtanlegt</b> |
| 6 <b>Fernur, drykkjarfernur, plasttappi má fara með</b> | 12 <b>Raftæki - lítl</b>                | 18 <b>Kertaafgangur</b>           |

## Rauður rampur fyrir gjaldskyldan úrgang

- |   |  |                                      |
|---|--|--------------------------------------|
| 19 <b>Grófur úrgangur, húsgögn, dýnur, innréttingar</b>             | 22 <b>Óflokkað til urðunar</b>                 | 25 <b>Gras</b>                       |
| 20 <b>Plast, annað s.s. garðhúsgögn, leikföng, rör, blómapottar</b> | 23 <b>Timbur hreint / ómálað</b>               | 26 <b>Garðaúrgangur, trjágreinir</b> |
| 21 <b>Timbur málað</b>  | 24 <b>Gifspötur og múrbrot frá framkvæmdum</b> |                                      |





AKUREYRI  
www.akureyri.is

### *Hvenær er klippt af korti?*

Aðeins er klippt af kortinu þegar um er að ræða úrgang sem er gjaldskyldur.

### *Hverjir fá klippikort?*

Allir eigendur fasteigna sem greiða sorphirðugjöld fá afhent eitt klippikort sem inniheldur 4m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi. Frá og með árinu 2016 verða klippikortin send viðkomandi í upphafi árs. Ef kortið dugir ekki út árið er hægt að kaupa nýtt kort.

### *Hvað kostar klippikort?*

Verð á kortum fyrir árið 2015 er kr. 8.000 og inniheldur það 4m<sup>3</sup> af úrgangi. Gjaldskrárbreytingar eru háðar ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar hverju sinni. Framvísa þarf gildum skilríkjum við kaup kortanna og sendur verður út greiðsluseðill til viðkomandi.

### *Hvað gera leigjendur?*

Leigjendur fasteigna geta í upphafi fengið klippikort afhent hjá sínum leigusala (sem er eigandi/greiðandi sorphirðugjalda) eða keypt sér kort. Leigusala ber ekki skylda til að afhenda leigutaka kortið en það er æskilegt. Ef leigjandi fær ekki kort til notkunar frá leigusala er hægt að kaupa það.

### *Er hægt að fara inn á gámasvæðið án klippikorts?*

Nei, aðeins er hægt að fá aðgang að svæðinu með því að framvísa klippikorti svo mikilvægt er að hafa það meðferðis. Ef einungis er um að ræða endurvinnsluefni er bent á grenndarstöðvarnar sem losunarstaði.

### *Hvað ef klippikortið tapast?*

Þá er nauðsynlegt að kaupa nýtt klippikort í þjónustuanddyri Ráðhúss að Geislagötu 9 eða á gámasvæðinu við Réttarhvam.

### *Hvar er hægt að kaupa nýtt kort?*

Klippikortin verða seld í þjónustuanddyri Ráðhúss að Geislagötu 9 og á gámasvæðinu við Réttarhvam.

### *Hvað er gert þegar komið er á gámasvæðið?*

Þegar komið er að svæðinu þarf að framvísa klippikorti, starfsmaður skoðar farminn og kannar hvort um gjaldskyldan úrgang er að ræða. Vísað er á númer viðeigandi gáma fyrir úrganginn sem um ræðir hverju sinni.

### **Gámasvæðið við Réttarhvam er opið:**

Frá 16. maí til 15. ágúst:  
mánudaga til föstudaga  
laugardaga og sunnudaga kl. 13 - 20  
kl. 13 - 17

Frá 16. ágúst til 15. maí:  
mánudaga til föstudaga  
laugardaga og sunnudaga kl. 13 - 18  
kl. 13 - 17



AKUREYRI

Geislagata 9, 600 Akureyri  
Sími: 460 1000  
Bréfasími: 460 1001  
www.akureyri.is

Skrifstofa opin alla virka daga milli kl. 8-16